

Tillaga samstarfsnefndar SKOTVÍS og SKOTREYNAR

að breytingum á lögum Skotveiðifélags Íslands.

I. kafli

Heiti félagsins, heimili og markmið

1. grein

Félagið heitir Skotveiðifélag Íslands (skammstafað SKOTVÍS), heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni og réttindi skotveiðimanna á Íslandi.

3. grein

Tilgangur félagsins er að stuðla að sameiningu skotveiðimanna og áhugamanna um skotveiðar og náttúruvernd og standa vörð um hagsmuni þeirra. Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- Stuðla að útgáfustarfsemi og almennri fræðslu um málefni, sem snerta skotveiðar, náttúruvernd og almennan fróðleik um dýralíf landsins.
- Eiga samvinnu við önnur félög og samtök, innlend og erlend, sem hafa málefni tengd áhugamálum skotveiðimanna á stefnuskrám sínum.
- Stuðla að rannsóknum og gagnasöfnun um stofna veiðidýra.
- Eiga samvinnu við önnur félög og opinbera aðila um setningu laga og reglugerða um almannarétt, náttúruvernd, friðun og veiðar dýra og meðferð skotvopna.
- Aðstoða við stofnun félaga um skotveiðar og styðja við starfsemi þeirra.
- Greiða fyrir aðgangi veiðimanna að veiðilöndum.
- Gangast fyrir kynningu og fræðslu fyrir almenning um skotveiðar.
- Stuðla að aukinni hagkvæmni innkaupa fyrir félaga.
- Stuðla að sjálfbærri nýtingu dýrastofna.

II. kafli - Félagar

4. grein

Félagar geta orðið þeir einstaklingar er játast undir lög og siðareglur Skotveiðifélags Íslands.

Fullgildir og skuldlausir félagar teljast þeir félagar er hafa greitt félagsgjöldin. Félagi er skylt að tilkynna félaginu nýtt eða breytt heimilisfang sitt. Gerist félagsmaður brotlegur við lög félagsins eða siðareglur, getur stjórn félagsins veitt honum áminningu eða vikið honum úr félaginu. Skal stjórnin tilkynna honum það skriflega og geta ástæðna fyrir úrskurði sínum. Fallist viðkomandi ekki á málsmeðferð stjórnarinnar, getur hann skotið máli sínu fyrir félagsfund, sem fellir endanlegan úrskurð í málinu, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum.

5. grein

Verði meðlimur SKOTVÍS 67 ára fyrir aðalfund félagsins og hafi hann jafnframt verið félagi í SKOTVÍS í a.m.k. 5 ár skal hann skoðast ævifélagi og borgar ekki félagsgjöld upp frá því. Ævifélagi hefur sömu réttindi og skyldur og aðrir félagar í SKOTVÍS.

III. kafli Stjórn félagsins

6. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera, og þremur meðstjórnendum. Formaður og varaformaður skulu kjörnir sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Ekki skal kjósa í stjórn félagsins aðra en þá sem hafa lýst því yfir að þeir séu tilbúnir til að sinna starfinu eins vel og nauðsyn krefur.

7. grein

Formaður og varaformaður skulu kosnir til eins árs í senn, en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára .

8. grein

Stjórnarmenn skulu kosnir beinni kosningu úr röðum félaga, á aðalfundi ár hvert.

9. grein

Stjórn félagsins ræður málefnum þess, milli aðalfunda. Stjórnarfundur telst löglegur ef meirihluti stjórnar er mættur. Stjórnarfundir taka ákvarðanir um daglega starfsemi og bera ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Stjórnin getur skuldbundið félagið, með meirihlutaákvörðun stjórnarfundar, innan ramma fjárhagsáætlana og er undirskrift formanns (varaformanns í forföllum formanns) ásamt gjaldkera nægileg staðfesting þess. Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd félagsins í viðræðum við stjórnvöld og aðra aðila innlenda sem erlenda og gætir hagsmuna skotveiðimanna. Komi upp mál sem rúmast ekki innan samþykktar fjárhagsáætlunar getur stjórnin leitað samþykkis félagsfundar. Gerðir stjórnar og samþykktir skulu bókaðar.

10. grein

Félagsfundur telst löglegur sé til hans boðað með áberandi hætti í fjölmiðli og á vefsíðu félagsins með minnst 10 daga fyrirvara. Með fundarboði skal vera dagskrá. Minnst 1/10 hluti atkvæðibærra félagsmanna getur krafist þess að félagsfundur verði haldinn og skal þá boða til fundarins skv. 10. greinar þessara laga.

IV. kafli - Aðalfundur

11. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

12. grein

Aðalfund skal halda fyrir 1. mars ár hvert. Til hans skal boðað á áberandi hátt með auglýsingu í fjölmiðlum og á vefsíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til setu á aðalfundi með málsfrelsi, tillögurétt og kjörgengi í stjórn eiga skuldlausir félagar. Félagsmenn í aðildarfélögum eiga rétt til setu á fundinum og þau réttindi sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi félaganna. Einnig getur aðalfundur leyft áheyrnarfulltrúum að sitja fundinn og skal seta áheyrnarfulltrúa borin upp eftir kosningu fundarstjóra og fundarritara.

13. grein

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi félagsins:

- Skýrsla stjórnar.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins og deilda. Lagabreytingar.
- Ákvörðun félagsgjalda.
- Kosning formanns, varaformanns og stjórnar.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
- Önnur mál.

14. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórninni fyrir 1. desember og skulu auglýstar í fundarboði. Ekki má greiða atkvæði um aðrar tillögur um lagabreytingar en þær sem auglýstar eru í fundarboði. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi þarf tvo þriðju hlutar greiddra atkvæða fundarmanna.

15. grein

Atkvæði $\frac{3}{4}$ hluta félagsmanna á aðalfundi þarf til þess að leggja félagið niður, enda hafi tillaga um það verið á dagskrá fundar sem sérstakt málefni. Skulu allar eignir félagsins þá renna til Fuglaverndunarfélags Íslands.

16. grein

Aukaáðalafund skal halda ef meirihluti stjórnar telur nauðsynlegt eða ef meirihluti fundarmanna samþykkir á félagsfundi. Skal boðað til slíks fundar með sama hætti og aðalfundar. Hefur fundirinn sama vald og aðalfundur enda sé fundarefni tilgreint í fundarboði.

V. kafli – Aðildarfélög, deildir og samstarf

17. grein

Félagi er heimilt að sækja um aðild að SKOTVÍS fyrir sig og meðlimi sína hafi slík umsókn verið samþykkt á aðalfundi félagsins og félagar þess játast undir siðareglur SKOTVÍS. Forsenda umsóknar er að starfsemi félagsins falli að starfsemi SKOTVÍS. Slíka umsókn skal leggja fyrir aðalfund SKOTVÍS. Hljóti hún samþykki aðalfundar SKOTVÍS skoðast félagið

aðildarfélag SKOTVÍS. Gera skal samstarfssamning milli SKOTVÍS og hlutaðeigandi félags sem lagður skal fram til samþykktar á aðalfundi samhliða umsókn um aðild að SKOTVÍS. Þar skal m.a. kveðið á skiptingu félagsgjalda, réttindi og skyldur félagsmanna hvors félags við aðildina og hvort viðkomandi félag eignist áheyrnarfulltrúa í stjórn SKOTVÍS og öfugt.

18. grein

Félagsmönnum SKOTVÍS er heimilt að sækja um til aðalfundar félagsins að stofna deild innan félagsins um ákveðin áhugamál t.d. veiðihundadeild og þess háttar. Með slíkri umsókn skal fylgja greinargerð um starfssvið deildarinnar ásamt fjárhagsáætlun fyrir fyrsta væntanlegt starfsár hennar. Hljóti slík umsókn samþykki aðalfundar SKOTVÍS er hinni nýju deild heimilt að velja sér nafn sem notað skal samhliða nafni SKOTVÍS. Deild skal nota merki SKOTVÍS en þó er deild heimilt að auðkenna merkið deildinni á smekklegan og látlausan hátt með samþykki stjórnar SKOTVÍS.

19. grein

Aðildarfélag starfar eftir eigin lögum sem þó meiga ekki vera andstæð lögum eða siðareglum SKOTVÍS. Ef ósamræmi er milli laga SKOTVÍS og aðildarfélags sem hefur áhrif á samskipti félaganna eða réttindi félagsmanna gilda lög SKOTVÍS.

Deild kýs sér þriggja til fimm manna stjórn á aðalfundi deildarinnar sem haldin skal í janúar ár hvert. Stjórn situr í 2 ár og skiptir með sér verkum. Í fyrsta sinn er deild kýs eftir lögum þessum skal einn stjórnarmanna kosinn til eins árs. Við boðun aðalfunda deilda gilda lög SKOTVÍS.

21. grein

Um skiptingu félagsgjalda milli SKOTVÍS og aðildarfélags skal kveðið á um í samstarfssamningi félaganna.

Félagar í deild greiða árgjald sitt til SKOTVÍS í samræmi við samþykkt aðalfundar SKOTVÍS og greiðir stjórn SKOTVÍS til stjórnar deildar 50% af árgjaldi skuldlausra félaga í deild. Greiðsla til deilda skal innt af hendi mánaðarlega í samræmi við greiðslur félagsgjalda af meðlimum deilda til SKOTVÍS.

Greiðsla til deildar er því aðeins innt af hendi að haldinn hafi verið löglegur aðalfundur og endurskoðaður samþykktur ársreikningur deildar hafi borist stjórn Skotvís fyrir 1. febrúar.

22. grein

Aðildarfélög og deildir hafa sjálfstæðan fjárhag sem stjórnir aðildarfélaga og deilda eru ábyrg fyrir og er þeim heimilt að afla sér sértekna t.d. með rekstri skotsvæðis, sölu á merkjum og þess háttar. Aðildarfélag eða deild getur ekki skuldbundið SKOTVÍS fjárhagslega né á annan hátt.

23. grein

Aðildarfélögum er heimilt að nota merki SKOTVÍS. Kveðið skal nánar á um notkun merkja félaganna í samstarfssamningi þeirra.

24. grein

Aðildarfélag og deild getur sótt um aukagreiðslu til stjórnar SKOTVÍS ef um er að ræða tímabundin verkefni eða stofnkostnað. Skal í umsókn vera sundurliðuð fjárhagsáætlun og upplýsingar um hvort sótt er um styrki til annarra aðila. Stjórn SKOTVÍS tekur ákvörðun um aukagreiðslu. Sætti aðildarfélag eða deild sig ekki við ákvörðun stjórnar getur hún vísað henni til næsta aðalfundar SKOTVÍS.

25. grein

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal stjórn SKOTVÍS boða til fundar með stjórnnum aðildarfélaga og deilda. Til fundar skal boðað skriflega með minnst 10 daga fyrirvara. Á fundinum skal ræða viðfangsefni SKOTVÍS, aðildarfélaga og deilda. Fari minnst tvö aðildarfélög eða deildir fram á það skal stjórn SKOTVÍS skylt að boða til fundar með stjórnnum féлага og deilda innan mánaðar frá því að slík beiðni kemur fram

26. grein

Allir meðlimir SKOTVÍS eru jafn rétt háir í aðildarfélögum og deildum gagnvart t.d. aðgangi að æfingasvæðum og þess háttar og með þeim kjörum sem félögum í aðildarfélagi og deildum er boðið upp á nema kveðið sé sérstaklega á um annað í samstarfssamningi. Allir meðlimir SKOTVÍS hafa málfrelsi á fundum aðildarfélaga og deilda sitji þeir þá, en þeir einir hafa atkvæðisrétt á slíkum fundum sem eru meðlimir deildarinnar.

27. grein Um lok samstarfs milli SKOTVÍS og aðildarfélags, skal kveðið á í samsstarfssamningi aðila þ.m.t. um skiptingu sameiginlegra réttinda/eigna.

Hætti deild störfum renna eigur hennar til SKOTVÍS.

28. grein

Stjórn SKOTVÍS er heimilt að gerast aðili að alþjóðlegum samtökum skotveiðimanna og náttúruverndarsamtökum.

ÍP 7. maí 2009.